

27. stjórnarfundur Leiknar 28. apríl 2009 kl. 14.00 haldinn í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8.

Mættir: Guðjónína Sæmundsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Emil Björnsson, Finnur Gunnþórsson og Hildur Elín Vignir. María Hildipórsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá lá fyrir í 3 liðum:

- 1) Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var samþykkt.
- 2) Fundur norrænu og baltísku samtakanna í Vilnius í mars. Ína sótti fundinn, en þetta var fyrsti fundur hennar í samtökunum. Rætt var um stöðuna í EAEA og fram kom að margar norrænu þjóðanna og baltnesku eiga fulltrúa í stjórn eða samtals 4 fulltrúa. Það hefur verið erfið fjárhagsstaða í EAEA, en er að komast á rétt ról. 29.-30. september verður ráðstefna í Gautaborg um virkni borgaranna (Aktiv citizenship). ICAE eru samtök fyrir þróunarlöndin og það verður ráðstefna í Brasilíu í maí. NVL kom einnig til umræðu og kom fram að aðalskrifstofan verður flutt til Vox í Noregi og Antra Carlsen er yfir verkefninu enn þá. Ekki voru allir ánægðir með starf NVL, einkum bar á óánægju hjá Svíum. Tillaga var lögð fram um að funda með NVL hópnum og munu Danir taka það að sér að boða. Hugmyndir eru uppi um ráðstefnu árið 2010 á vegum norræna samstarfsnetsins. Mikið var rætt um fullorðinsfræðsluna á Norðurlöndum og krísuna. Norðmenn fengu auknar fjárveitingar sem mótvægisáðgerðir. Virðist sem ekki hafi verið skorið mikið niður fjárveitingar enn þá, en menn eiga von á að það muni gerast. Hópurinn fór til fundar við menntamálanefnd þingsins í Litháen og var sú heimsókn fróðleg og virðist hafa náð einhverjum árangri. Næsti fundur verður í haust á Íslandi. Þá þarf að útvega húsnæði fyrir fundinn. Æskilegt að stjórn Leiknar reyni að mæta á þann fund.
- 3) Starfsáætlun 2009-2010. Formaður leggur til að við gerum starfsáætlun fyrir árið. Byrjað var á að safna hugmyndum um verkefni, sem unnið verði að á árinu:
 - Gert verði átak í að fjölga félögum.
 - Efla innbyrðis tengsl í Leikn.
 - Halda ráðstefnu fyrir félagsaðila (EQF-NQF í fullorðinsfræðslu).
 - Móta hlutverk Leiknar. Skilgreina betur sameiginlega hagsmuni. Hvar eigum við að láta að okkur kveða.
 - Taka afstöðu til vottunar fræðsluaðila.
 - Sinna erlendu samstarfi.
 - Sinna umsögnum sem berast frá alþingi.

Á næsta fundi verður haldið áfram við að móta starfsáætlunina.

- 4) Önnur mál. Næsti fundur verður haldinn 20. maí kl. 9.00.

Fundi slitið kl. 15.00. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir skrifaði fundargerð.
